

ENDURSKOÐENDARÁÐ

Skýrsla um störf  
endurskoðendaráðs  
2016

## Störf endurskoðendaráðs á árinu 2016

### *Inngangur*

Endurskoðendaráð er eftirlitsaðili með störfum endurskoðenda og er verksvið ráðsins skilgreint í V. kafla laga nr. 79/2008 um endurskoðendur. Þau lög tóku gildi 1. janúar 2009, en með þeim var innleidd áttunda félagaréttartilskipun Evrópuráðsins. Hlutverk endurskoðendaráðs skv. 15 gr. laganna er að hafa eftirlit með því að endurskoðendur og endurskoðunarfyrtækja ræki störf sín í samræmi við ákvæði laganna. Þannig skal endurskoðendaráð meðal annars fylgjast með því að endurskoðendur uppfylli skilyrði til löggildingar, fylgjast með því að endurskoðendur uppfylli kröfur um endurmenntun, sjá til þess að fram fari reglulegt gæðaeftirlit með störfum endurskoðenda og endurskoðunarfyrtækja og sjá til þess að siðareglur og endurskoðunarstaðlar séu til.

Endurskoðendaráð heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og skipar ráðherra fimm menn í ráðið til fjögurra ára í senn. Þrír nefndarmenn eru skipaðir samkvæmt tilnefningu en tveir skipaðir af ráðherra. Núverandi endurskoðendaráð var skipað þann 21. maí 2013. Í ráðinu sitja Áslaug Árnadóttir, sem er formaður ráðsins, Þórður Reynisson, Pálína Árnadóttir, Jóhann Unnsteinsson og Hildur Árnadóttir. Varamenn eru Elmar Hallgríms Hallgrímsson, Elva Ósk Wíium, Krístrún Helga Ingólfssdóttir, Ólafur Gestsson og Brynja Halldórsdóttir. Starfsmaður endurskoðendaráðs er Erla Guðrún Ingimundardóttir lögfræðingur.

Endurskoðendaráð hélt 20 fundi á árinu 2016 auk samráðsfunda með atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og Félagi löggiltra endurskoðenda (FLE).

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu málum sem komu til umfjöllunar og afgreiðslu ráðsins á árinu:

### *Gæðaeftirlit*

Mikilvægasta og umfangsmesta verkefni endurskoðendaráðs er að sjá um að fram fari gæðaeftirlit með þeim störfum endurskoðenda sem falla undir ákvæði laganna um endurskoðendur nr. 79/2008, en samkvæmt 22. gr. laganna er endurskoðunarfyrtækjum og endurskoðendum sem þar starfa og sjálfstætt starfandi endurskoðendum skylt að sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á sex ára fresti. Þá er endurskoðendum eða endurskoðunarfyrtækjum sem annast endurskoðun eininga tengdum almannahagsmunum skylt að sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

### *Gæðaeftirlit 2016*

Undirbúningur að gæðaeftirliti ársins 2016 hófst í byrjun árs 2016. Endurskoðendur sem sæta skyldu eftirliti voru valdir með tilviljanakenndu úrtaki en auk þess voru sjö endurskoðendur boðaðir í endurtekið eftirlit á grundvelli fyrri ákvarðana ráðsins. Alls voru send út 87 boðunarbréf, flest í maí 2016.

Með bréfi endurskoðendaráðs, dags. 4. júlí 2016, fól endurskoðendaráð Félagi löggiltra endurskoðenda (FLE) að annast gæðaeftirlit 2016 í samræmi við 13. gr. laga um endurskoðendur nr. 79/2008. Gæðaeftirlitsmenn voru tilnefndir af FLE þann 22. ágúst 2016 og var val á þeim staðfest af endurskoðendaráði 22. september 2016.

Af þeim 87 endurskoðendum sem boðaðir voru í eftirlit voru 34 sem árituðu endurskoðunarverkefni vegna reikningsársins 2015. Var þeim gert að sæta gæðaeftirliti árið 2016 vegna reikningsársins 2015. Framkvæmd gæðaeftirlits hófst í október 2016 og er að mestu leyti lokið í lok mars 2017. Endurskoðendaráð mun taka saman skýrslu um niðurstöður gæðaeftirlitsins og birta á heimasíðu ráðsins þegar endanlegar niðurstöður liggja fyrir.

### *Ábyrgðartryggingar*

#### *Árleg eftirfylgni*

Á grundvelli 6. gr. laga um endurskoðendur ber endurskoðendum að hafa í gildi starfsábyrgðartryggingu og skulu þeir senda Félagi löggiltra endurskoðenda staðfestingu um gilda tryggingu fyrir 15. janúar ár hvert. Kröfur laga um að endurskoðendur hafi gilda starfsábyrgðartryggingu eru ófrávikjanlegar og þeir sem ekki hafa slíka tryggingu uppfylla ekki skilyrði til að hafa réttindi sem endurskoðendur.

Í mars 2016 fór endurskoðendaráð yfir upplýsingar frá FLE um starfsábyrgðartryggingar endurskoðenda. Allir endurskoðendur sem eru með virk réttindi höfðu sent FLE staðfestingu á ábyrgðartryggingu sinni og þurfti endurskoðendaráð því ekki að grípa til neinna úrræða vegna mála varðandi starfsábyrgðartryggingar. Endurskoðendaráð fagnar þeim úrbótum sem orðið hafa frá fyrri árum í þessum málaflokki.

#### *Uppsögn starfsábyrgðartrygginga*

Komi til þess að lögbundinni starfsábyrgðartryggingu endurskoðanda sé sagt upp tilkynnir viðkomandi tryggingarfélag það til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Ráðuneytið sendir upplýsingarnar svo áfram til endurskoðendaráðs.

Endurskoðendaráð fékk nokkurn fjölda tilkynninga frá ráðuneytinu um að starfsábyrgðartrygging endurskoðanda væri ekki lengur í gildi hjá viðkomandi váttryggingafélagi. Endurskoðendaráð óskaði í kjölfarið eftir staðfestingu á því frá viðkomandi endurskoðanda að hann hafi aflað sér fullnægjandi ábyrgðartryggingar hjá öðrum váttryggjanda. Var orðið við því í öllum tilvikum.

### ***Endurmenntun***

Samkvæmt 7. gr. laga um endurskoðendur er endurskoðendum skylt að sækja endurmenntun sem tryggir að þeir viðhaldi reglulega fræðilegri þekkingu, faglegru hæfni og faglegum gildum. Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. skal endurmenntun að lágmarki svara til 20 klukkustunda á ári og samtals 120 klukkustunda á hverju þriggja ára tímabili. Í gildi eru reglur um endurmenntun nr. 30/2011 þar sem kveðið er á um það hvað teljist til endurmenntunar.

Í reglunum kemur meðal annars fram að fyrsta þriggja ára endurmenntunartímabil samkvæmt 7. gr. laga nr. 79/2008 hefjist 1. janúar 2010, hjá þeim sem hlutu löggildingu árið 2009, eða fyrr, sbr. ákvæði I til bráðabirgða í lögum nr. 79/2008. Öðru endurmenntunartímabili lauk því 31. desember 2015.

Félag löggiltra endurskoðenda hefur haldið utan um endurmenntun félagsmanna sinna og senda félagsmenn upplýsingar um endurmenntun sína til félagsins. Í febrúar 2016 sendi félagið ráðinu upplýsingar um þá sem ekki höfðu lokið lágmarks fjölda endurmenntunareininga árið 2015. Ráðið fylgdi málinu eftir gagnvart þeim sem ekki höfðu lokið tilskildum fjölda endurmenntunareininga með því að óska eftir skýringum frá þeim.

Þrjú endurskoðendur voru áminntir af endurskoðendaráði á grundvelli 2. mgr. 17. gr. laga um endurskoðendur vegna vanrækslu á að sinna lögbundinni endurmenntun. Þá fór endurskoðendaráð fram á það við ráðherra að réttindi eins endurskoðanda yrðu felld niður á grundvelli sama ákvæðis vegna ítrekaðrar vanrækslu viðkomandi á að sinna lögbundinni endurmenntun. Endurskoðendaráð hafði áður áminnt viðkomandi sökum þess að endurmenntun var ekki sinnt.

### ***Mál vegna áritunar endurskoðenda á ársreikning hlutafélags***

Um mitt árið lauk endurskoðendaráð máli sem varðaði áritun endurskoðenda á ársreikning nánar tilgreinds fyrirtækis. Um var að ræða mál sem kom til skoðunar vegna athugasemda sem fram komu í gæðaeftirliti 2015 hjá öðrum endurskoðanda. Þar sem viðkomandi endurskoðandi áritaði ársreikninginn með öðrum endurskoðanda, sem ekki sætti gæðaeftirliti 2015, tók endurskoðendaráð áritun þess endurskoðanda til skoðunar á grundvelli 16. gr. laga um endurskoðendur.

Var það niðurstaða endurskoðendaráðs að veita þeim endurskoðendum sem árituðu ársreikning fyrirtækisins áminningu vegna brota á lögum nr. 79/2008 við endurskoðun ársreikningsins. Álit endurskoðendaráðs er aðgengilegt á vefsíðu ráðsins, [www.endurskodendarad.is](http://www.endurskodendarad.is)

### *Notkun orðsins endurskoðun eða endurskoðandi í starfs- eða firmaheiti.*

Í 6. mgr. 4. gr. laga um endurskoðendur kemur fram að öðrum en endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum sé óheimilt að nota orðin endurskoðandi eða endurskoðun í starfs- eða firmaheiti sínu. Þá sé óheimilt að vekja þá trú á að aðili sé endurskoðandi með notkun starfsheitis, firmanafns eða með öðrum misvísandi hætti, ef hann er það ekki.

Á árinu bárust endurskoðendaráði meðal annars ábendingar um að fyrirtæki sem ekki væru endurskoðunarfyrirtæki væru tilgreind sem slík í fyrirtækjaskrá og á nánar tilgreindrum vefsíðum. Ráðið sendi viðkomandi aðilum bréf og óskaði eftir því að fyrirtækin notuðu ekki orðin endurskoðun og endurskoðandi í firmaheiti sínu svo ekki væri farið gegn lögum um endurskoðendur. Brugðist var við erindum ráðsins og lauk endurskoðendaráð afgreiðslu málanna á árinu.

### *Erindi til ráðsins*

Ýmis erindi og ábendingar bárust ráðinu á árinu 2016 og hlutu sum þeirra endanlega afgreiðslu, en önnur verða áfram til meðferðar hjá ráðinu.

Endurskoðendaráði bárust til að mynda nafnlaus erindi þar sem gerðar voru athugasemdir vegna endurskoðunar nánar tilgreinds sveitarfélags. Endurskoðendaráð sendi því endurskoðunarfyrirtæki sem annaðist endurskoðun sveitarfélagsins bréf og gaf fyrirtækinu kost á að koma að athugasemdum. Eftir yfirferð endurskoðendaráðs yfir málið var það niðurstaða ráðsins að ekki væri ástæða til þess að taka málið til frekari meðferðar.

Þá barst endurskoðendaráði erindi frá félagi sem taldi að endurskoðun á félaginu hafi ekki samrýmt þeim kröfum sem gerðar eru til endurskoðunar í lögum nr. 79/2008 um endurskoðendur. Endurskoðendaráð upplýsti það endurskoðunarfyrirtæki sem endurskoðaði félagið um erindið og gaf því kost á að koma að athugasemdum. Eftir yfirferð endurskoðendaráðs yfir málið var það niðurstaða ráðsins að ekki væri ástæða til þess að taka málið til frekari meðferðar.

Við meðferð allra erinda og ábendinga sem bárust ráðinu var sérstaklega gætt að reglum stjórnarsýslulaga um vanhæfi nefndarmanna þannig að varamaður var kallaður til eftir aðstæðum hverju sinni.

### *Samskipti við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið*

Endurskoðendaráð átti ýmis samskipti við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið á árinu varðandi málefni endurskoðenda.


## Önnur mál

Meðal annarra starfa endurskoðendaráðs á árinu má telja eftirfarandi:

- Tillögur að prófgjaldi fyrir próf til löggildingar endurskoðunarstarfa árið 2016.
- Upplýsingar veittar ráðuneytinu vegna innlagna endurskoðenda á réttindum sínum.
- Fyrirspurnir varðandi meistaranám sem endurskoðendaráð viðurkennir sem undanfara þess að öðlast löggildingu til endurskoðunarstarfa.

5. apríl 2017

Endurskoðendaráð

Pálma Arnald.  
Stjórnendur  
  
Jóna Línd  
Haug Arnald.